

Lög samþykkt á stofnfundi 15. janúar 2008

Nafn félagsins og markmið.

1. grein.

Félagið heitir Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir og hefur aðsetur í Reykjavík; hér eftir nefnt Slóðavinir. Slóðavinir er félag áhugafólks um ferðalög og útivist á vélhjólum. Vélhjól er skilgreint bæði sem tví- og fjórhjól.

2. grein.

Markmið félagsins er:

- að standa vörð um tilvist og akstur á torleiðum, þjóðleiðum og vegslóðum, hvort sem er á lág eða hálandi í samræmi við lög.
- að vernda og viðhalda akstursleiðum í þágu landnýtingar fyrir vélknúin farartæki.
- að útbreiða og efla notkun vélhjóla sem almenningsíþrótt, heilsusamlega heilsurækt og útiveru.
- að auka þekkingu félagsmanna sem og almennings, fjölmiðla, stjórnvalda og landeigenda á ferðalögum og útivist þeirra sem aka um á vélhjólum.
- að miðla upplýsingum um torleiðir, þjóðleiðir og vegslóða til félagsmanna.
- að gefa gott fordæmi um umgengni með jákvæðri eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd.
- að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi búnað og annað er lítur að vélhjólum í samráði við viðkomandi yfirvöld.

Félagsfundir og stjórn.

3. grein.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal haldinn árlega í október mánuði. Fundurinn skal boðaður félagsmönnum skriflega með minnst fjórtán daga fyrirvara með auglýsingum í miðlum og á vefsvæði félagsins. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og allar tillögur, sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði. Rétt til setu á aðalfundi hafa einungis þeir sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera venjuleg aðalfundarstörf, þ.e:

1. Setning fundar og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
4. Umræða um skýrslu stjórnar.
5. Skoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
6. Umræða um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
7. Skýrslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
8. Tillögur/lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
9. Kjör stjórnar og varamanna.

10. Kjör Skoðunarmanna.
11. Önnur mál.
12. Fundarslit.

4. grein.

Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema þar sem annars er getið í lögum þessum.

Stjórn hefur heimild til að boða til auka aðalfundar ef þörf krefur og gildir þá um hann sömu reglur og um aðalfund sé að ræða.

5. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, formanni, ritara, gjaldkera, og tveim meðstjórnendum. Ár hvert skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir tveir meðstjórnendur til tveggja ára. Kjósa skal einn varamann fyrir hverja tvo meðstjórnendur sem kosnir eru á sama aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Meðstjórnendur verða þeir tveir sem flest atkvæði hljóta. Varamaður er kosinn sérstaklega. Forfallist formaður skal ritari taka sæti hans, en að öðru leiti skiptir stjórnin með sér verkum. Varamenn hafa sama rétt til setu á fundum og aðgengis að gögnum og aðrir stjórnarmenn en hafa ekki atkvæðisrétt á fundum nema í forföllum aðalmanns.

6. grein.

Skoðunarmenn eru tveir og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Kosning skal fara fram skriflega sé þess óskað. Hlutverk þeirra er að yfirfara bókhald félagsins.

7. grein.

Skylt er stjórn að boða til almenns félagsfundar ef 2 % félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega. Boði stjórnin ekki slíkan fund innan tveggja vikna frá því henni barst krafan, geta þeir sem fundar óska boðað til hans.

8. grein.

Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd þess milli aðalfunda og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Stjórnin mótastarfsemi félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Samþykki aðalfundar þarf þó fyrir fjárskuldbindingum og ráðstöfun lausafjármuna sem nema hærri upphæðum en árgjöldum yfirstandandi árs. Slíkar fjárbeiðnir skulu berast stjórn minnst einum mánuði fyrir aðalfund.

Milli aðalfunda getur stjórn boðað til auka aðalfundar til að fá samþykki fyrir ráðstöfun lausafjármuna að hærri upphæðum. Til slíks fundar skal boðað á sama hátt og til aðalfundar. Á þeim fundi hafa allir félagar jafnan atkvæðisrétt.

9. grein.

Allar nefndir sem stjórn stofnar skulu kjósa sér formann. Hætti kosinn nefndarmaður störfum í nefnd þá tilnefni þeir sem eftir sitja í nefndinni varamann í hans stað.

Réttindi og skyldur félagsmanna.

10. grein.

Félagi getur hver sá orðið sem áhuga hefur á markmiðum félagsins. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og send stjórn félagsins.

11. grein.

Stjórn Slóðavina hefur ein heimild til að standa í vegi fyrir því að einstakir aðilar fái aðild að félaginu og að vísa félagsmanni úr félaginu, ef sýnt þykir eða sannað að framkoma viðkomandi samræmist ekki markmiðum félagsins. Sé manni meinuð aðild að félaginu getur hann borið mál sitt undir aðalfund Slóðavina og hefur hann einn rétt til að breyta ákvörðun stjórnar.

12. grein.

Stjórn félagsins getur mælt með kjöri til heiðursfélaga þá, sem leyst hafa af hendi mikilsverð störf eða unnið sérstaklega mikið fyrir félagið. Kjör heiðursfélaga skal staðfest af aðalfundi.

13. grein.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert. Gjaldldagi félagsgjalda er 1. desember ár hvert og eindagi 31. janúar. Sé félagsgjald ekki greitt á eindaga missir félagi atkvæðisrétt í málefnum félagsins, uns hann hefur gert full skil. Hafi félagsgjald ekki verið greitt í heilt starfsár fellur félagi af félagaskrá, nema hann óski eftir áframhaldandi aðild að félaginu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Þeir félagsmenn sem náð hafa 67 ára aldri og verið skráðir félagsmenn í fimm ár þar á undan fá fría aðild að klúbbnum.

14. grein.

Fjármunum félagsins skal eingöngu varið til starfsemi þess og til málefna tengdum hagsmunum þess.

Lokaákvæði.

15. grein.

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins í síðasta lagi 15. september og skulu þær kynntar í aðalfundarboði. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og telja auð atkvæði með í fjölda greiddra atkvæða.

16. grein.

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir fyrir lagabreytingar. Þegar um er að ræða félagsslit geta 25 félagsmenn eða 1/3 fundarmanna krafist leynilegrar, skiflegrar allsherjar atkvæðagreiðslu í félaginu og skal þá sérlega kjörinni kjörstjórn falið að sjá um slíka allsherjar atkvæðagreiðslu. Félagsslitafundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.